

Ágæti sauðfjárbóndi

Með bréfi þessu viljum við hvetja bændur eindregið til að vera tímalega í því að panta sauðfjárskoðun í haust og koma því á framfæri að æskilegt er að pantanir berist fyrir **20.ágúst**.

### Sauðfjárskoðun - pantanir

Ástæða þess að mikil áhersla er lögð á að pantanir berist snemma er sú að þetta umfangsmikla verkefni hefur ekki staðið undir sér á liðinum árum. Í stað þess að hækka tímagjaldið var því ákveðið að reyna að ná fram aukinni hagkvæmni í gegnum betra skipulag. Það felst fyrst og fremst í því að reyna að ná betri samfellu í skipulagið og þar með minnka ferðakostnaðinn.

Þess má geta að í sumum sveitum er löng hefð fyrir mjög góðu skipulagi, oft í samstarfi við viðkomandi fjárræktarfélag sem alveg er til fyrirmyndar og jákvætt væri að auka slíka samvinnu.

Nokkur atriði varðandi skipulag haustsins:

- Óskað er eftir því að allar pantanir berist fyrir 20. ágúst.
- Þegar menn panta velja þeir þá viku sem óskað er eftir skoðun í (hægt að nefna ákveðna daga sem athugasemd). Eftir 20. ágúst hefst niðurröðun á daga eftir svæðum og í framhaldi verður haft samband við bændur og skoðunartími staðfestur.
- Heimilt er að reikna álag á skoðunargjald dóma sem pantaðir eru eftir 20. ágúst og sama á við ef farið er fram á breytingu á skoðunardegi eftir þennan dag. Þessi heimild verður þó aðeins nýtt ef ekki er hægt að láta þessar pantanir falla að skipulaginu. Þá er áfram hin almenna regla að innheimt er álag á pantanir sem ekki rúmast innan dagvinnutíma.
- Tekið er á móti pöntunum í gegnum heimasíðu RML eða í gegnum síma 516-5000.
- Gjaldskráin er í grunnin óbreytt, tímagjald á hvern skoðunarmann er 6.500 kr. án vsk. og komugjald á hvern stað er 5.000 kr. án vsk. Tímagjaldið miðast við búnaðargjaldsgreiðendur.

### Almennt um lambadóma

Ekki þarf að fjölyrða hér um þær miklu framfarir sem ómmælingar og markvisst val á líflömbum hefur skilað í bættum skrokkgæðum. Bændur eru hvattir til að gefa ekki eftir í þessum hluta ræktunarstarfsins þó horfa þurfi jafnframt á aðra mikilvæga eiginleika. Almennt er best að velja líflömbin sem fyrst eftir að þau heimtast að hausti og mættu skoðanir á lömbum hefjast með meiri krafti fyrr að haustinu í mörgum sveitum.

### Efling fóðurráðgjafar

Ein af forsendum þess að hægt sé að fódra af nákvæmni er að vita hver gæði gróffóursins eru. Þegar það liggur fyrir er m.a. hægt að átta sig á því hvort þurfi að bæta heyin upp með öðru fóðri og þá með hverju. Sauðfjárbændur eru eindregið hvattir til að vera duglegir að taka hirðingarsýni eða fá ráðunaut RML til að koma og taka heysýni í haust. Starfsmenn RML eru boðnir og búnir að veita rágjöf varðandi fóðrun sauðfjár og áhugi er fyrir að efla þann þátt í leiðbeiningastarfinu.

### Að lokum

Bréf þetta er sent til allra sem nýttu sér þjónustu RML sl. haust við lambadóma. Við hlökkum til að eiga áfram samskipti við þig og minnum á að RML er fyrirtæki sem bændur eiga og góð samstaða og samvinna eru eitt af lykilatriðunum í því að RML geti þjónað bændum sem best og á sem hagkvæmasta hátt.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins